



Knattspyrnudeild Vals

Ársreikningur

2020



Knattspyrnudeild Vals

Ársreikningur
2020

Knattspyrnudeild Vals
Laufásvegi 1 Hlíðarendi
101 Reykjavík

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur Knattspyrnudeildar Vals fyrir 2020 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Aðalstarfsemi Knattspyrnufélagsins Vals er íþróttastarfsemi.

Ársreikningurinn byggir á bókhaldi Knattspyrnufélagsins Vals en knattspyrnudeildin er rekin samhliða öðrum deildum félagsins undir Knattspyrnufélaginu Val og hefur því ekki aðgreindan efnahagsreikning. Ársreikningurinn byggir því fyrst og fremst á deildauppgjöri félagsins en haldið er sérstaklega utan um rekstur knattspyrnudeildarinnar.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam tap Knattspyrnudeildar Vals á árinu 2020 að fjárhæð 24,5 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir knattspyrnudeildar 101,4 millj. kr. Bókfært eigið fé knattspyrnudeildar í árslok er 97,5 millj. kr. Stjórn knattspyrnudeildar vísar í ársreikninginn um breytingar á eigin fé deildarinnar og ráðstöfun hagnaðar.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdarstjóra

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Knattspyrnudeildar Vals að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu deildarinnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu 2020. Stjórn og framkvæmdastjóri Knattspyrnudeildar Vals staðfesta hér með ársreikning deildarinnar fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Reykjavík, febrúar 2021.

Stjórn

F. Björk E. Einarsson
Trey Höfduvinnu
Páleni E. Einarsson
Þrági G. Þrágsson
Stjórn

Framkvæmdastjóri

Sigurður Þ. Pálsson



Knattspyrnufélagið

VALUR

Kt. 670269-2569

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Knattspyrnudeildar Vals.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Knattspyrnudeildar Vals („deildin“) fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstremisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu deildarinnar 31. desember 2020 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð deildinni í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru ársskýrsla að undanskildum ársreikningi og áritun okkar á hann. Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits deildarinnar.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi deildarinnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert deildina órekstrarhæfa.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.


Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, febrúar 2021.

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrartekjur			
Miðasala		10.582.792	12.531.980
Styrkir og auglýsingar		152.791.715	178.892.593
Útsendingarréttur		12.400.000	8.400.000
Aðrar rekstrartekjur		44.947.948	130.710.684
		<u>220.722.455</u>	<u>330.535.257</u>
Rekstrargjöld			
Vörunotkun		18.389.470	20.510.137
Laun og launatengd gjöld	4	197.336.424	234.070.750
Rekstur mannvirkja		150.978	1.308.098
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður		817.100	398.712
Annar rekstrarkostnaður		26.593.833	70.712.626
Afskriftir	5	3.300.000	2.505.113
		<u>246.587.805</u>	<u>329.505.436</u>
Rekstrartap fyrir söluhagnað leikmanna		(25.865.350)	1.029.821
Söluhagnaður leikmanna			
Hagnaður af sölu leikmanna		1.425.000	14.916.333
		<u>1.425.000</u>	<u>14.916.333</u>
Hrein (vaxtagjöld) -tekjur		(43.678)	2.501
(Tap) hagnaður ársins	6	<u>(24.484.028)</u>	<u>15.948.655</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr.	2020	2019
Fastafjármunir			
Verðgildi leikmanna	5	<u>25.834.554</u>	<u>17.351.554</u>
Veltufjármunir			
Krafa á aðalstjórn.....	7	<u>75.608.896</u>	<u>102.259.774</u>
Eignir samtals		<u>101.443.450</u>	<u>119.611.328</u>
Eigið fé			
Endurmat leikmanna.....		13.900.000	7.900.000
Annað eigið fé.....		<u>83.598.110</u>	<u>107.782.138</u>
Eigið fé samtals	6	<u>97.498.110</u>	<u>115.682.138</u>
Skammtímaskuldir			
Aðrar skammtímaskuldir		<u>3.945.340</u>	<u>3.929.190</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>101.443.450</u>	<u>119.611.328</u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
(Tap) hagnaður fyrir fjármagnsliði og söluhagnað	14	(25.865.350)	1.029.821
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir leikmanna	13	3.300.000	2.505.113
Hrein (vaxtagjöld) -tekjur		(43.678)	2.501
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, lækkun		0	2.688.000
Skammtímaskuldir, hækkun		16.150	2.245.026
Handbært fé frá rekstri án vaxta og söluhagnaðar		(22.592.878)	8.470.461
Fjárfestingarhreyfingar			
Keyptir leikmenn		(5.883.000)	(12.840.000)
Seldir leikmenn		1.825.000	21.750.000
Fjárfestingarhreyfingar		(4.058.000)	8.910.000
Fjármögnunarhreyfingar			
Krafa á aðalstjórn, breyting		26.650.878	(17.380.461)
Fjármögnunarhreyfingar		26.650.878	(17.380.461)
Handbært fé í árslok		0	0

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Knattspyrnudeildar Vals er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Ársreikningurinn byggir á bókhaldi Knattspyrnufélagsins Vals en knattspyrnudeildin er rekin samhliða öðrum deildum félagsins undir Knattspyrnufélaginu Val og hefur því ekki aðgreindan efnahagsreikning. Ársreikningurinn byggir því fyrst og fremst á deildauppgjöri félagsins en haldið er sérstaklega utan um rekstur knattspyrnudeildarinnar.

2. Innlaun tekna

Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörsdegi. Staða verks er metin með hliðsjón af vinnu sem lokið er. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörunni verði mögulega skilað.

3. Óefnislegar eignir

Félagið eignfærðir leikmannasamninga sína í samræmi við reglur og staðla KSÍ. Yfirverð leikmannasamninga er afskrifað árlega á samningstíma og er sú fjárhæð færð í rekstrarreikning. Endurmat samninganna er fært á endurmatsreikning meðal eigin fjár sbr. skýringu 6.

4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig	2020	2019
Laun	58.705.700	77.318.758
Launatengd gjöld	11.208.417	15.097.442
Bifreiðastyrkur	2.875.000	3.180.113
Dagpeningar	10.200.200	10.186.022
Verktakagreiðslur	114.347.107	128.288.415
Laun og launatengd gjöld samtals	197.336.424	234.070.750

5. Óefnislegar eignir

Leikmannasamningar greinast þannig:

Meistaraflokkur karla:	2020	2019
Bókfært verð 1.1.	17.351.554	13.750.334
Eignfærðir leikmenn á árinu	5.883.000	12.840.000
Seldir og aflagðir leikmenn	(300.000)	(6.833.667)
Afskrifað á árinu	(3.300.000)	(2.505.113)
Matsbreytingar	(1.900.000)	100.000
Bókfært verð 31.12.	17.734.554	17.351.554
Meistaraflokkur kvenna:		
Seldir og aflagðir leikmenn	(100.000)	0
Matsbreytingar	8.200.000	0
Bókfært verð 31.12.	8.100.000	0
Bókfært verð alls 31.12.	25.834.554	17.351.554

Skýringar frh:

6. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Endurmat	Annað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2020	7.900.000	107.782.138	115.682.138
Matsbreyting leikmanna	6.300.000		6.300.000
Innleyst endurmat við sölu	(300.000)	300.000	0
Hagnaður ársins		(24.484.028)	(24.484.028)
Eigið fé 31.12.2020	13.900.000	83.598.110	97.498.110

7. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. aðalstjórn, móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnad af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélag og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Knattspyrnudeild Vals er rekin sem deild í Knattspyrnufélaginu Val og hefur ekki sérgreindan efnahagsreikning. Fjármunir deildarinnar umfram sérgreindar kröfur og að frádregnum sérgreindum skuldum eru færðir sem krafa á aðalstjórn í efnahagsreikningi deildarinnar. Krafa á aðalstjórn nam 75,6 millj. kr. í árslok 2020 samanborið við 102,3 millj. kr. í árslok 2019.

8. Greiðslur til umboðsmanna

Greiðslur til umboðsmanna námu alls 3,4 millj. kr. og eru gjaldfærðar sem annar rekstrarkostnaður.